

SAMÞYKKT

205

8. nóv.

um breyting á samþykkt nr. 56 5. júní 1937, um lokunartíma skósmíðavinnustofa í Reykjavík.

1. málsgrein 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Alla virka daga árs skal skósmíðavinnustofum lokað ekki síðar en kl. 6 síðdegis, nema föstudaga á tímabilinu frá 14. maí til 13. september kl. 8 síðdegis, og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú greinir:

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. nóvember 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

206

8. nóv.

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Seyðisfjarðarkaupstað.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar er bannað að selja eða afhenda börnum eða unglíngum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

2. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum) og hverskonar eftirlíkingu á tóbaksvörum, svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglíngum.

3. gr.

Leiksýningar og myndir, sem ætlast er til að börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs sé seldur aðgangur að, skulu sýndar barnaverndarnefndinni áður, eða þeim, sem hún felur að dæma um þær. Að öðrum kosti skulu henni gefnar upplýsingar, er hún telur fullnægjandi. Getur nefndin, ef henni þykir ástæða til, bannað að börn og unglíngar fái aðgang að þeim. Um aðrar opinberar skemmtanir gildir